

Um Byrjendalæsi

Rúnar Sigbórsson og Gretar L. Marinósson (ritstjórar). (2017). *Byrjendalæsi: Rannsókn á innleiðingu og aðferð*. Reykjavík: Háskólaútgáfan og Háskólinn á Akureyri. 473 bls.

Í bókinni er greint frá umfangsmikilli rannsókn á aðferðum og innleiðingu Byrjendalæsis. Höfundar, ellefu að tölu, ræða Byrjendalæsi sem aðferð en til þess mætti ekki síður vísa sem ákveðinnar nálgunar í námi og kennslu, sem sameinar margar aðferðir.

Bókin er 473 blaðsíður að lengd og er skipt upp í 14 kafla. Fyrstu tveir fjalla um rannsóknina sjálfa og Byrjendalæsi sem aðferð. Þar er vel og ítarlega gerð grein fyrir fræðilegu baksviði Byrjendalæsis. Samkvæmt höfundum eru grunnstoðir þess sóttar til samvirkra aðferða „sem fást við mismunandi þætti læsis, svo sem lestur, lesskilning, talmál, hlustun og ritun sem samfléttaða heild“ (bls. 413). Í köflum 3–8 er fjallað um ýmsa þætti Byrjendalæsis, fræðilegt baksvið þeirra, hvernig þeir birtast í niðurstöðum rannsóknarinnar og þeir ræddir með hliðsjón af viðkomandi fræðikeningum. Kaflar 9–12 eru helgaðir innleiðingunni, starfsþróun og forystu. Kafli 13 fjallar um samstarf heimila og skóla um læsisnámið og í kafla 14 eru niðurstöður dregnar saman og horft til framtíðar. Ágrip af öllum köflum á íslensku og ensku eru í lok bókar auk gagnlegrar bendiskrár. Kaflarnir eru allir byggðir upp á svipaðan hátt og í góðu röklegu samhengi hver við annan þannig að lesandi á auðvelt með að átta sig á efnistökom og meginboðskap.

Gagna var aflað með umfangsmikilli spurningakönnun meðal kennara sem kenna 1.–4. bekk í 68 skólum sem starfa samkvæmt Byrjendalæsi og kennara sömu árganga í 53 skólum sem ekki starfa samkvæmt þessari aðferð. Auk þess var spurningakönnun lögð fyrir foreldra í 1. og 2. bekk í sömu skólum. Að auki var gerð tilvixsathugun í sex skólum, þremur af höfuðborgarsvæðinu og Vesturlandi og öðrum þremur á Norðurlandi eystra, þar sem rannsakendur fylgdust með kennslustundum og tóku viðtöl. Ekki eru upplýsingar um hversu lengi þessir skólar hafa verið skilgreindir sem Byrjendalæsis skólar en það hefði verið gagnlegt fyrir lesandann að fá að vita.

Markmið höfunda með rannsókninni var fyrst og fremst að varpa ljósi á aðferðir við læsiskenndu í Byrjendalæsis skólum, eins og segir í 1. kafla. Engu að síður virðist sem höfundar hafi lagt upp með að gera einhvers konar samanburðarrannsókn þar sem meginlegum gögnum var safnað í skólum sem hafa innleitt Byrjendalæsi og í álíka mörgum skólum sem hafa ekki gert það. Engin tilraun er hins vegar gerð til samanburðar og ekki gerð grein fyrir þeim gögnum sem safnað var í samanburðarskólunum. Það sama gildir um gögn sem safnað var meðal kennara í 3. og 4. bekk, sem ekkert eru notuð en hefðu getað varpað ljósi á það hvernig kennsluhættir Byrjendalæsis færast upp í eldri árganga.

Eingöngu er unnið úr svörum kennara í 1.–2. bekk. Fram kemur, sem fyrr segir, að þessum gögnum var safnað til samanburðar en ekki er útskýrt hvers vegna ekki var unnið úr þeim. Engin fyrirheit eru heldur gefin um að vænta megi frekari úrvinnslu síðar og birtingar á öðrum vettvangi.

Byrjendalæsi hefur verið mikið til umræðu undanfarin misseri, og hlotið gagnrýni fyrir að skila ekki viðunandi árangri í skólum þar sem það er notað, eins og hann mælist á samræmdum prófum, samanborið við aðra skóla. Margir biðu því með nokkurri eftirvæntingu eftir þessari bók í von um að frekara ljósi yrði varpað á aðferðina. Það eru því nokkur vonbrigði að þessi gagnrýni er ekki rædd í bókinni og lesandinn er litlu nær um það hverju Byrjendalæsi skilar í breyttum starfsháttum eða árangri, í samanburði við aðra skóla. Það er þó augljóst eftir lestur bókarinnar hversu samanburður á milli skóla út frá meðaltali einkunna á samræmdum prófum er marklaus. Í fyrsta lagi er þetta vegna þess að skólarnir hafa augljóslega innleitt aðferðir og hugmyndafræði Byrjendalæsis með ólíkum hætti. Í öðru lagi nær aðferðin einungis til fyrstu tveggja árganganna í skólanum og ekki vitað hvernig hún skilar sér upp í eldri árganga. Í þriðja lagi er óljóst hve lengi skólar geta kallað sig Byrjendalæsis skóla eftir að tveggja ára innleiðingu lýkur. Og í fjórða lagi má nefna að Byrjendalæsi er í raun ekki ein kennsluaðferð heldur miklu fremur nálgun sem verður til með samvirkni nokkurra vel þekktra aðferða og því líklegt að skólar sem ekki kenna sig við Byrjendalæsi séu að nota slíkar aðferðir að einhverju leyti. En þrátt fyrir þessa varnagla hefði verið áhugavert að fá einhvers konar samanburð á svörum kennaranna um starfs-hætti og kennsluaðferðir. Þetta á til dæmis við um ritun og lesskilning og annað sem er til umfjöllunar í bókinni, einkum í ljósi þess að gögnum þar um var safnað. Fullyrðingu eins og að Byrjendalæsi virðist „ýta undir fjölbreytta ritunarkennslu“ (bls. 112) hefði til dæmis mátt undirbyggja betur með þessum gögnum. Notkun þeirra hefði enn fremur boðið upp á áhugaverðari og dýpri greiningu á einstökum þáttum í stað þess að styðjast eingöngu við samanburð við fræðikenningar. Þannig er áhersla lögð á að draga fram hvernig aðferðin samræmist kenningum og niðurstöðum fyrri rannsókna um árangurríkar leiðir í kennslu. Í flestum þáttum komast höfundar að þeirri niðurstöðu að gott samræmi sé þarna á milli, til dæmis í lesskilningi (bls. 147), en þó er á nokkrum stöðum bent á ósamræmi og atriði sem huga mætti betur að.

Bókin er engu að síður mikilvægt framlag til þekkingar á læsi og læsiskennslu á Íslandi. Það á ekki síst við um ítarlega og vandaða umfjöllun um fræðikenningar þar sem fanga er leitað víða. Í hverjum kafla (2–8) er fjallað um fræðilegan bakgrunn Byrjendalæsis með tilvísan í ólíkar námskenningar og einstaka þætti þess sem var til skoðunar í rannsókninni. Vegna þess hve aðferðin Byrjendalæsi spannar vítt svið gefur bókin í heild sinni greinar-gott yfirlit yfir fræðilegan bakgrunn, hvort sem um er að ræða tæknilega hlið lestrar, ritun, lesskilning, námsaðlögun eða námsmat.

Framlag bókarinnar er þó ekki minna á sviði skólaþróunar og innleiðingar umbótaverk-efna en á sviði læsiskennslu. Hugmyndafræði og aðferðir við innleiðingu Byrjendalæsis byggjast á nýjustu þekkingu um bestu mögulegar leiðir í farsælli innleiðingu breytinga þar sem meðal annars er lögð áhersla á gagnvirkt ferli faglegs náms einstaklinga og stofnunar. Stuðst er við hefðbundna og vel þekktu nálgun Michaels Fullan um breytingarferlið, þ.e. frá kveikju að framkvæmd og síðan að festa breytinguna í sessi. Starfsþróun kennara og

leiðtoga er veigamikill þáttur, með áherslu á að hún skili sér til nemenda. Höfundar leggja einnig áherslu á samvirkni í kerfinu og stuðning umhverfisins við þróunarstarf.

En þrátt fyrir góðan ásetning og vel ígrundaða aðferðafræði fer ekki allt eins og ætlað er og er Byrjendalæsi þar engin undantekning. Vekur þar athygli hversu misjafnlega skólarnir hafa staðið að innleiðingu og framkvæmd verkefnisins. Mörg vel þekkt stef úr skólaþróunarumræðunni koma fram í niðurstöðum. Má þar nefna að ávinningur þróunarstarfsins gengur oft til baka eftir að formlegu innleiðingarferli lýkur, skólafólk hefur gjarna tilhneigingu til að ofmeta vitneskju foreldranna um það sem er í gangi í skólanum og síðast en ekki síst að árangur af þróunarstarfinu er of oft lítt eða illa metinn, og þá sérstaklega hvað varðar árangur fyrir nemendurna. Þetta síðastnefnda er eitt af því sem höfundar nefna að huga þurfi betur að í tengslum við Byrjendalæsi.

Mikil ánægja kemur fram með Byrjendalæsi og innleiðingu þess í tilviksskólunum (bls. 261), með einni undantekningu, og kennarar vildu ekki hverfa aftur til fyrri starfshátta (bls. 266). Þeir meta einnig árangur nemenda sinna hvað varðar ánægju af lestri og virkni í námi, betri eftir að þeir tóku upp aðferðina (bls. 295). Foreldrar eru einnig almennt ánægðir með lestrarkennslu barnsins og stöðu þess í náminu (bls. 383). En ekki er hægt að draga ályktanir um að það sé beinlínis Byrjendalæsinu að þakka, þar sem kannanir á viðhorfum foreldra sýna oftast jákvætt viðhorf, eins og höfundar benda á (bls. 394).

Í lokin benda höfundar á nokkur brýn viðfangsefni í tengslum við rannsóknir á læsi og lestrarkennslu og ítreka að í raun sé lítið vitað um ástæður þess hvers vegna ákveðnum hópi nemenda vegnar illa í mælingum á lestri og lesskilningi. Lykillinn að því að bæta árangur í íslenskum skólum og snúa við þeirri þróun sem PISA bendir til telja höfundar vera markvissa stefnumótun, rannsóknir og þróunarstarf sem miði að því að efla faglegt nám, forystu og samvinnu í anda lærdómssamfélaga (bls. 413). Höfundar lokakaflans telja enn fremur að í aðferðum Byrjendalæsis felist mögulega vaxtabroddur til að styðja við þróun stefnu um lykilhæfni, grunnþætti menntunar og nám án aðgreiningar (bls. 403) sem íslensk menntastefna hverfist um.

Þó að mörgum spurningum sé ósvarað eftir lestur bókarinnar er framlag hennar til íslenskrar menntaumræðu umtalsvert. Gögnin sem safnað var virðast gefa tilefni til mun frekari úrvinnslu en hér er gert og vonandi er þetta bara fyrsta skref höfunda í læsisrannsóknum. Bókin er áhugaverð og ánægjuleg aflestrar og ætti að vekja áhuga kennara, kennaranema, rannsakenda og annarra sem vilja kynna sér fræðikenningar og aðferðir í tengslum við lestur og lestrarkennslu.

UM HÖFUNDINN

Anna Kristín Sigurðardóttir (aks@hi.is) er dósent í menntaforystu og skólaþróun við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hún er menntaður sérkennari og lauk doktorsgráðu frá Háskólanum í Exeter á sömu sviðum árið 2006. Rannsóknarsvið hennar beinast meðal annars að umbótastarfi í skólum, faglegu lærdómssamfélagi og tengslum námsumhverfis og kennsluhátta.